



Orkuveita Reykjavíkur: vatnsból við Engidalskvísl: fyrsta tillaga um skilgreind verndarsvæði

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð þHH-2003-11

Orkuveita Reykjavíkur Vatnsból við Engidalskvísl Fyrsta tillaga um skilgreind verndarsvæði

Meðfylgjandi er lauslegur uppdráttur sem sýnir tillögu að afmörkun vatnsverndarsvæða umhverfis áformæð vatnsbólssvæði Hellisheiðarvirkjunar. Þessi mynd er sett saman í miklu hasti. Lögð er rík áhersla á að hér er um fyrstu frumdrög að ræða. Efalitið á þessi tillaga eftir að þróast þegar tóm gefst til að ígrunda friðunar- og verndarþörf þesssa vatnstölusvæðis og jafnvel gæti hún breyst í veigamiklum atriðum eftir að fleiri kurl koma til grafar. Vatnsból og neysluvatnsöflun skipta grundvallarmáli við skipulagningu alls lands og þessi atriði hafa þar af leiðandi umtalsverðan forgang. Ákvörðun vatnsverndarsvæða verður því að vera sæmilega vel grunduð, þó ekki sé til annars en að geta varið þá ákvörðun að taka verulegt landsvæði til þessarra þarfa og ýta um leið annarri landnotkun til hliðar.

Á þessum slóðum eru áform uppi um afar mikið vatnsnám; hugsanlega verður þarna gerð stærsta ferskvatnsveita landsins. Því er full ástæða til að vanda vel til verka, þegar verndarsvæði og friðunarþörf verða endanlega skilgreind. Það verðu helst ekki gert á einum dagparti við skrifborð í Reykjavík, jafnvel þó undirritaður hafi dálitla staðþekkingu á svæðinu sem um ræðir.

Þetta eru sem sagt frumdrög. Mælt er eindregið með að hið fyrsta verði drifið í að skoða þessi mál ögn nánar og fyrir mína parta þætti mér skynsamlegt að fá álit Freysteins Sigurðssonar. Hann hefur að öðrum ólöstuðum átt drýgstan þátt í að móta þær hugmyndir, sem yfirleitt eru hafðar til grundvallar, þegar ákveðin er stærð og lega verndarsvæða vatnsbóla hér á landi.

Við þetta hastverk er eftirtalið haft að leiðarljósi, en ljóst er að margs er enn að gaeta:

Fjarsvæði: Fjallendi í Hengli, sem hefur yfirborðsafrennsli til væntanlegs vatnsbólasvæðis. Sá hluti grunnvatnsflatans undir Svínahrauni sem vatn fellur ýmist suður eða norður af. Einnig dálítill landskiki norðan Engidalskvíslar, þar sem (þurrir) farvegir á yfirborði stefna eindregið í átt að væntanlegu bóli.

Grannsvæði: Sunnan Engidalskvíslar þarf að vernda upptakasvæði “Þingvalla-grunnvatnsstraumsins”. Norðan kvíslarinnar þarf einnig að taka mið af hugsamlegum breytingum, sem orðið geta á rennslisstefnu grunnvatnsins þegar stórfelld dæling hefst upp úr svæðinu.

Brunnsvæði: Það er hér dregið dálítið af handahófi umhverfis það svæði þar sem vitað er að vatn úr kvíslinni hverfur í jörð. Það á að sjálfsögðu einnig að taka yfir það svæði þar sem niðurdráttaráhrifin eru mest. Enn hefur ekki verið afráðið hversu þétt þarf að bora vinnsluholurnar á þessum slóðum.

Myndin sýnir bráðabrigðatillögu um afmörkun verndarsvæða umhverfis vætanleg ferskvatnsból við Engidalskvísl.

